



FÍLA

Félag íslenskra
landslagsarkitekta

Ársreikningur rekstrarársins
1. mars 2022 til 28. febrúar 2023

Félag íslenskra landslagsarkitekta
Kennitala 510393-2019
Aðalstræti 2, 2. hæð, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7 - 10
Sundurliðanir	11

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi og tilgangur félagsins

Félag íslenskra landslagsarkitekta er fagfélag sem hefur það að markmiði að stuðla að faglegri umræðu um landslagsarkitektúr, bæði meðal félagsmanna og út á við. Félagið stendur að skipulögðu félagsstarfi meðal félagsmanna og kemur að málþingum og fyrirlestrum í samstarfi við önnur félög og stofnanir eða eitt og sér.

Markmið félagsins eru að stuðla að þróun landslags- og garðbyggingarlistar, að vinna að skynsamlegri landnotkun og þróun byggðar, að tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og að gæta hagsmuna félagsmanna og eða efla góða samvinnu og kynningu þeirra.

Starfsemin á árinu

Heildarvelta félagsins var kr. 3.623.890 á rekstrarárinu samanborið við kr. 4.306.995 á rekstrarárinu 2021-2022. Hagnaður að fjárhæð kr. 1.255.935 varð á rekstrarárinu og eigið fé í lok reikningsársins, þann 28. febrúar 2023, nam kr. 12.470.683.

Félagsgjöld rekstrarársins námu að fjárhæð kr. 1.893.750 að teknu tilliti til leiðréttingar og afskrifta félagsgjalda vegna eldri tímabila og breytingar á niðurfærslu óinnheimtra félagsgjalda, samanborið við kr. 1.875.000 á rekstrarárinu 2021-2022.

Í skýringu númer 1 í ársreikningi er sundurliðun á álögdum félagsgjöldum rekstrarársins með samanburði við fyrra rekstrarár. Félagsgjöld samkvæmt samþykkt aðalfundar 2022 fyrir rekstrarárið 2022-2023 eru eftirfarandi og til samanburðar eru félagsgjöld sem voru í gildi vegna rekstrarársins 2021-2022:

	2022-2023	2021-2022
Almennt félagsgjald	25.000	25.000
Félagsgjald félagsmanna búsettra á landsbyggðinni, 80%	20.000	20.000
Félagsgjald nýrra félagsmanna og búsettra í útlöndum, 50%	12.500	12.500
Félagsgjald nema, 20%	5.000	5.000

Engir starfsmenn þáðu laun hjá félaginu á rekstrarárinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins.

Stjórn Félags íslenskra landslagsarkitekta staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. mars 2022 til 28. febrúar 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. apríl 2023

Ómar Ingbórsson
formaður

Daníel Jakobsson
ritari

Gunnar Gunnarsson
gjaldkeri

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og félagsmanna Félags íslenskra landslagsarkitekta.

Undirritaður hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Félags íslenskra landslagsarkitekta fyrir rekstrarárið 1. mars 2022 til 28. febrúar 2023 og við þá vinnu byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram ásamt því að fylgja fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallaratriðum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni. Skipulag og tilhögun vinnu við gerð og framsetningu ársreikningins er í samræmi við alþjóðlegan staðan ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreikninga, og í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og sundurliðanir.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar félagsins.

Þar sem aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram séu staðfest. Þar af leiðandi er hvorki veitt álit byggt á endurskoðun né ályktun byggð á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Garðabæ, 26. apríl 2023

Ráðgjöf og reikningsskil ehf.

Magnús Orri Haraldsson
viðskiptafræðingur

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna Félags íslenskra landslagsarkitekta.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Félags íslenskra landslagsarkitekta höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. mars 2022 til 28. febrúar 2023. Við höfum engar athugasemdir við ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 26. apríl 2023

Finnur Kristinsson
skoðunarmaður

Þórólfur Jónsson
skoðunarmaður

Rekstrarreikningur rekstrarársins 2022-2023

	Skýringar	2022-2023	2021-2022
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld	1	1.893.750	1.875.000
Aðrar tekjur	2	1.730.140	2.431.995
		<u>3.623.890</u>	<u>4.306.995</u>
Rekstrargjöld			
Alþjóðlegt samstarf IFLA		167.315	176.506
Ráðstefnur		318.460	0
Útgáfukostnaður		269.500	853.465
Húsaleiga og fundakostnaður		907.417	136.401
Skrifstofukostnaður		114.726	110.436
Ferðakostnaður		635.469	0
Styrkir		0	10.889
Reikningsleg aðstoð		105.650	86.800
Greiðsluseðlar og bankakostnaður		26.216	32.772
		<u>2.544.753</u>	<u>1.407.269</u>
Rekstrarhagnaður		1.079.137	2.899.726
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		110.699	46.830
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(11)	(652)
Gengismunur		29.479	(34.959)
Áhrif hlutdeildarfélags	3	36.631	57.829
		<u>176.798</u>	<u>69.048</u>
Hagnaður rekstrarársins		<u><u>1.255.935</u></u>	<u><u>2.968.774</u></u>

Efnahagsreikningur 28. febrúar 2023

Eignir	Skýringar	28.02.2023	28.02.2022
Fastafjármunir			
Fjáreignir:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	3	310.947	274.316
Bundin innstæða á bankareikningi	5	706.857	655.102
		<u>1.017.804</u>	<u>929.418</u>
Veltufjármunir			
Óinnheimt félagsgjöld	4,8	100.000	48.750
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	9	15.000	70.800
Inneign á greiðslukorti		0	226.009
Handbært fé	5	11.537.879	10.139.771
		<u>11.652.879</u>	<u>10.485.330</u>
Eignir samtals		<u><u>12.670.683</u></u>	<u><u>11.414.748</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi rekstrarárs		11.214.748	8.245.974
Hagnaður rekstrarársins		1.255.935	2.968.774
		<u>12.470.683</u>	<u>11.214.748</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur	6	200.000	200.000
		<u>200.000</u>	<u>200.000</u>
Skuldir samtals		200.000	200.000
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>12.670.683</u></u>	<u><u>11.414.748</u></u>

Sjóðstreymi rekstrarársins 2022-2023

	Skýringar	2022-2023	2021-2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður rekstrarársins		1.255.935	2.968.774
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Áhrif hlutdeildarfélags	3	(36.631)	(57.829)
Vextir og verðbætur bundinnar innstæðu á bankareikningi		(51.755)	(28.930)
		<u>1.167.549</u>	<u>2.882.015</u>
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Óinnheimt félagsgjöld		(51.250)	62.500
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		281.809	705.400
(Lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		0	(6.350.000)
		<u>230.559</u>	<u>(5.582.100)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>1.398.108</u>	<u>(2.700.085)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.398.108	(2.700.085)
Handbært fé í byrjun árs		10.139.771	12.839.856
Handbært fé í árslok		<u>11.537.879</u>	<u>10.139.771</u>

Skýringar

1. Félagsgjöld

	Fjöldi	2022-2023	Fjöldi	2021-2022
Fyrri félagsgjaldatímabil:				
Almennir félagsmenn	68	850.000	67	837.500
Félagsmenn búsettir á landsbyggðinni	4	40.000	4	40.000
Félagsmenn búsettir erlendis og nýir félagsmenn ...	10	62.500	8	50.000
Félagmenn með nemaaðild	5	12.500	6	15.000
	<u>87</u>	<u>965.000</u>	<u>85</u>	<u>942.500</u>

Seinna félagsgjaldatímabil:

Almennir félagsmenn	69	862.500	67	837.500
Félagsmenn búsettir á landsbyggðinni	5	50.000	4	40.000
Félagsmenn búsettir erlendis og nýir félagsmenn ...	8	50.000	10	62.500
Félagmenn með nemaaðild	6	15.000	5	12.500
	<u>88</u>	<u>977.500</u>	<u>86</u>	<u>952.500</u>

	2022-2023	2021-2022
Félagsgjöld rekstrarársins	1.942.500	1.895.000
Leiðrétting vegna eldri félagsgjaldatímabila	0	10.000
Breyting niðurfærslu óinnheimtra félagsgjalda	(48.750)	(30.000)
Félagsgjöld rekstrarársins samtals	<u>1.893.750</u>	<u>1.875.000</u>

Heiðursfélagar greiða ekki félagsgjöld en þeir eru þrír, ein kona og tveir karlar.

2. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2022-2023	2021-2022
Greiðsluseðlaþóknun	30.140	31.995
Tekjur vegna samkeppni	1.700.000	1.250.000
Landsvirkjun, styrkur vegna ráðstefnu	0	300.000
Reykjavíkurborg, styrkur vegna ráðstefnu	0	400.000
Ríkissjóður Íslands, styrkur vegna ráðstefnu	0	450.000
	<u>1.730.140</u>	<u>2.431.995</u>

Vísað er til nánari umfjöllunar um lotun tekna í skýringu númer 6.

3. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi eru bókfærðir í samræmi við hlutdeildaraðferð og greinast þannig

	Nafnverð	Hlutdeild	28.02.2023	28.02.2022
Miðstöð hönnunar og arkitektúrs ehf., 11,11%	60.000	36.631	310.947	274.316

Bókfærð hlutdeild í Miðstöð hönnunar og arkitektúrs ehf. er í samræmi við ársreikning fyrir árið 2021 þar sem eigið fé var jákvætt um kr. 2.798.527. Ársreikningur fyrir árið 2022 liggur ekki fyrir.

Skýringar

4. Óinnheimt félagsgjöld

Óinnheimt félagsgjöld greinast þannig:	28.02.2023	28.02.2022
Óinnheimt félagsgjöld, seinna félagsgjaldatímabil 2022-2023 / 2021-2022	68.750	27.500
Óinnheimt félagsgjöld, fyrra félagsgjaldatímabil 2022-2023 / 2021-2022	31.250	21.250
Óinnheimt félagsgjöld, eldri tímabil	406.250	357.500
Óinnheimt félagsgjöld án niðurfærslu, samtals	506.250	406.250

Óinnheimt félagsgjöld meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi greinast þannig:

Óinnheimt félagsgjöld	506.250	406.250
Niðurfærsla óinnheimtra félagsgjalda	(406.250)	(357.500)
Óinnheimt félagsgjöld, samtals	100.000	48.750

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til að mæta áhættu af töpuðum félagsgjöldum. Ekki er um endanlega afskrift að ræða heldur varúðarfærslu sem byggir á aldursgreiningu óinnheimtra félagsgjalda.

Á rekstrarárinu eru einungis innborguð seðilgjöld og innborgaðir vextir tekjufærðir í reikningsskilum félagsins, ekki áfallin. Félagsgjöld eru tekjufærð í samræmi við félagatal á hverju rekstrarári og óinnheimt félagsgjöld eru eignfærð sem óinnheimt félagsgjöld meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi, sbr. sundurliðun hér að framan, án tekna af seðilgjöldum og án áfallinna dráttarvaxta.

5. Bankainnstæður

Bankainnstæður greinist þannig:	28.02.2023	28.02.2022
Arion banki hf., 0303-26-044992, aðalreikningur	2.989.379	8.659.862
Arion banki hf., 0301-13-112763, bókarlaus reikningur	304.066	302.604
Arion banki hf., 0303-38-718136, evrureikningur	463.283	433.662
Arion banki hf., 0301-13-111286, bókarlaus reikningur	747.236	743.643
Arion banki hf., 0358-22-000876, vöxtur	7.033.915	0
Arion banki hf., 0301-18-651120, verðtryggður og bundinn til 36 mánaða	706.857	655.102
	12.244.736	10.794.873

Bankareikningurinn 0358-22-000876 er bundinn til 30 daga og flokkast því með handbæru fé.

Bankainnstæður koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Bundnar bankainnstæður, færðar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi	706.857	655.102
Handbært fé, fært meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi	11.537.879	10.139.771
	12.244.736	10.794.873

Skýringar

6. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur greinist þannig:	28.02.2023	28.02.2022
Fyrirframinnheimtar tekjur í upphafi rekstrarárs	200.000	1.050.000
Tekjufærsla fyrirframinnheimtra tekna á rekstrarárinu	0	(850.000)
	<u>200.000</u>	<u>200.000</u>
Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast þannig:	28.02.2023	28.02.2022
Fornminjasjóður	200.000	200.000
	<u>200.000</u>	<u>200.000</u>

Á rekstrarárinu 2017-2018 greiddi Fornminjasjóður styrk til félagsins að fjárhæð kr. 1.050.000 og var fjárhæðin færð sem fyrirframinnheimtar tekjur í ársreikningi félagsins 2017-2018. Í samræmi við reikningsskilareglur um að jafna gjöldum á móti tekjum á viðkomandi reikningsári voru kr. 450.000 tekjufærðar í rekstrarreikningi 2018-2019 og voru kr. 400.000 tekjufærðar í rekstrarreikningi 2019-2020, í samræmi við tilheyrandi gjöld á rekstrarárunum. Engar tekjufærslur voru á rekstrarárunum 2020-2021, 2021-2022 og 2020-2023 og er eftirstæð fjárhæð í lok rekstrarársins 2022-2023 að fjárhæð kr. 200.000.

7. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

7.1 Grundvöllurreikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

7.2 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi byrjun mars 2023. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

7.3 Innlausn tekna

Félagsgjöld

Félagsgjöld eru tekjufærð í samræmi við gildandi félagatal á hverju rekstrarári og í samræmi við þá fjóra félagsgjaldaflokka sem samþykktir hafa verið á félagsfundi, að teknu tilliti til leiðréttinga, afskrifta og niðurfærslu félagsgjalda.

Sala á þjónustu

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstigi. Staða verks tekur mið af raunverulegri veittri þjónustu sem hlutfall af heildarþjónustu sem veita skal.

7.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Skýringar

7. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

7.5 Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum.

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yferráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

7.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

7.7 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða.

7.8 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

7.9 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

Sundurliðanir

8. Óinnheimt félagsgjöld, sundurliðun

	Eldri félagsgjöld	Fyrri hluti félagsgjalda 2022-2023	Seinni hluti félagsgjalda 2022-2023	Samtals 28.02.2023
Anna Kristín Guðmundsdóttir	0	6.250	6.250	12.500
Berglind Guðmundsdóttir	12.500	0	0	12.500
Dagbjört Garðarsdóttir	0	12.500	0	12.500
Emil Gunnar Guðmundsson	12.500	12.500	12.500	37.500
Guðbjörg Guðmundsdóttir	0	0	12.500	12.500
Guðmundur Hrafn Arngrímsson	27.500	0	0	27.500
Gunnar Gunnarsson	10.000	0	0	10.000
Gunnar Kári Oddsson	7.500	0	12.500	20.000
Gunnar Óli Guðjónsson	18.750	0	0	18.750
Hermann G. Gunnlaugsson	50.000	0	0	50.000
Hildur Dagbjört Arnardóttir	18.750	0	0	18.750
Hrafnhildur Dóra Hrafnkelsdóttir	57.500	0	0	57.500
Jón Árni Bjarnason	10.000	0	0	10.000
Kolbrún Þóra Oddsdóttir	12.500	0	0	12.500
Lilja Kristín Ólafsdóttir	20.000	0	0	20.000
Margrét Backman	6.250	0	0	6.250
Oddur Þ. Hermannsson	0	0	12.500	12.500
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir	112.500	0	0	112.500
Sigurður Friðgeir Friðriksson	30.000	0	0	30.000
Svanhildur Gunnlaugsdóttir	0	0	12.500	12.500
	<u>406.250</u>	<u>31.250</u>	<u>68.750</u>	<u>506.250</u>

9. Viðskiptakröfur, sundurliðun

	28.02.2023	28.02.2022
Betri fjarskipti ehf., fyrirframgreiddur kostnaður	0	55.800
S. Helgason ehf.	<u>15.000</u>	<u>15.000</u>
	<u>15.000</u>	<u>70.800</u>